

Mál nr. 320/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitunnar E.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á raftækjum af völdum rafmangstruflana.****Gögn.**

Málskot, móttækið 13.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 8.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21. júní 2020 urðu skemmdir á ýmsum raftækjum í eigu M í húseigninni A. Á sama tíma var B, eigandi M á tali við D, starfsmann orkuveitunnar E, fyrir utan A. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti munu þeir hafa orðið þess varir að ljós í bílskúr við A hafi flókt og dofnað þar til þau hafi slökknáð alveg. Í sama mund hafi heyrst hljóð, eins konar rafsuðuhljóð, úr tengiskáp í eigu E sem hafi verið staðsettur við A. Hafi D strax gert sér grein fyrir hvað hafi verið að gerast í tengiskápnum, að líklegast væru straumskinnur í skápnum að brenna. Hafi bruninn staðið yfir í 40 til 45 mínútur. B hafi hringt í bakvakt E og tilkynnt um atvikið. Viðgerðarmaður hafi komið til að gera við skápinn en þá hafi engin hljóð heyrst lengur frá honum.

Í tölvubréfi E til V, dags. 26.8.2020, kemur fram að D, starfsmaður E, hafi verið á staðnum sem segist, líkt og B, fyrirsvarsmaður M, hafa heyrt óhljóð í dreifiskáp úti í götu. Verktjóri hafi verið kallaður til og ekkert óeðlilegt séð í skápnum. Daginn eftir hafi hann sent starfsmenn á staðinn sem hafi staðfest að ekkert hafi verið óeðlilegt að sjá í skápnum og allar tengingar hafi verið vel hertar. Í framhaldinu hafi verið sett upp mæling í A um vikutíma en ekkert óeðlilegt komið upp í þeirri mælingu. Ekkert hafi verið að spennu í nágrenninu eða þeirri götu sem A stendur við og ekkert flókt eða slíkt hafi komið fram í eftirlitskerfum E. Í málinu liggur fyrir skráning í gæðakerfi E vegna þessa atviks, sem er í samræmi við það sem segir hér að framan.

Í greinargerð M með málskoti kemur fram að lekaliði í aðaltöflu A hafði slegið út og tjón orðið á heimilistækjum í þremur íbúðum en hver íbúð hafi sér greiningatöflu. M kveður ljóst að bruni hafi átt sér stað í tengikassanum og það sé sönnun þess að bilun hafi orðið í tengiskápnum og valdið spennubreytingum sem hafi haft áhrif á rafkerfi A með þeim afleiðingum að raftæki skemmdust. Hefur M krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu E hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Líkt og að framan getur greindist engin bilun í tengiskápnum við A strax í kjölfar þess að atvikið gerðist sem einnig var staðfest við nánari skoðun daginn eftir. Engin haldbær skýring liggur fyrir um það hvað hafi valdið atvikinu. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að skemmdir á raftækjum í A megri rekja til bilunar í umræddum tengikassa eða annarra atvika sem E ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.